

# MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

ÁRSRIT 2012



Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013

Ábyrgðarmaður: Ásta Magnúsdóttir

Hönnun og umbrot: Svavar Pétur Eysteinnsson

ISBN: 978-9935-436-11-5

Mynd á forsiðu af börnum og kennurum í Sjúlandsskóla í Garðabæ

Prentun: Háskólaprent

4 INNGANGUR 1

5 STEFNUMÓTUN OG ÞRÓUN 2

9 LÖG OG REGLUGERÐIR 3

13 SAMSKIPTI VIÐ STOFNANIR, EFTIRLIT OG MAT 4

21 ÝMIS VERKEFNI 5

27 REKSTUR OG STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS 6



# 1 INNGANGUR

Í þessu ársriti mennta- og menningarmálaráðuneytis er yfirlit yfir starfsemi þess á liðnu ári og helstu verkefni sem lokið var eða sérstökum áföngum náð en um regluleg viðfangsefni er vísað til vefs ráðuneytisins. Ritinu er ætlað að veita innsýn í þau störf, sem unnin eru í ráðuneytinu og mæta óskum um aukin og opnari samskipti stjórnvalda og almennings.

Stór hluti af starfsemi ráðuneytisins felst í samskiptum við þær stofnanir, sem undir það heyrja. Á því sviði urðu miklar framfarir með nýrri gerð samninga og eftirfylgni með þeim. Þetta á sérstaklega við um samninga við háskólana og framhaldsskólana en auk þess hafa allir aðrir samningar verið færðir í nýtt sniðmát, sem gerir samráð og eftirfylgni auðveldari en áður. Mikilsvert er að komið hefur verið á vöktunarkerfi, sem gerir ráðuneytinu og stofnunum auðveldara að fylgjast með framvindu samninga, reglubundnu samráði, fjármálum o.fl. Allir samningar við háskóla og þekkingarsetur eru nú aðgengilegir á vef ráðuneytisins og unnið er að því að birta þar alla samninga sem ráðuneytið gerir við stofnanir og aðila sem hljóta fjárframlög til verkefna og heyrja undir starfssvið ráðuneytisins.

Stefnumótun er sífellt stærri þáttur í starfi ráðuneytisins og byggist á pólitískri stefnumótun ráðherra. Helstu verkefni á síðasta ári voru menningarstefna, sem liggur fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu, stefna um kvikmyndamenntun, stefnumótun um starfsmenntun og innleiðing nýrrar menntastefnu. Við alla stefnumótunavinnu af hálfu ráðuneytisins er haft viðtækt samráð við hagsmunaaðila og reglan er sú að almenningi gefist einnig kostur á að láta álit sitt í ljós. Hið sama gildir um lagafrumvörp, sem unnin eru í ráðuneytinu og kynnt eru á vef þess. Innleiðing nýrra námskráa og menntastefnu er annað dæmi um viðtækt samráð, þar sem fjölmennar ráðstefnur hafa verið haldnar og starfsmenn ráðuneytisins átt ótal fundi með starfsfólki skóla og öðrum sem tengjast skólastarfi.

Af umfangsmiklum lögum og lagabreytinum, sem Alþingi samþykkti á árinu og varða starfsemi ráðuneytisins, má nefna ný lög á sviði menningarmála, þ.e. um menningarminjar, bókasöfn og myndlistarmál auk breytinga á lögum um háskóla og um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Ný lög um vinnustaðanámssjóð marka tímamót í starfsmenntun hér á landi því með þeim var m.a. lögfestur stuðningur við fyrirtæki og stofnanir sem taka að sér starfsþjálfun á vinnustað.

Hluti af eftirlitshlutverki ráðuneytisins er að gera úttektir og kannanir á ýmsum sviðum. Í lögum er kveðið á um reglubundnar úttektir á skólum á öllum skólastigum og hafa fjölmargar slíkar verið gerðar. Þá var að auki ráðist í ýmsar sérhæfðar úttektir og rannsóknir bæði til að afla upplýsinga vegna stefnumótunar og til að fylgjast með hvort farið sé að fyrirmælum laga og reglugerða.

Stjórnsýslan hér á landi er fámenn og því er aðáunartvert hve mikil afköst starfsmanna hennar eru. Á árinu bárust meira en fimm þúsund erindi til ráðuneytisins og yfir 1500 umsóknir. Stór hluti starfsins í ráðuneytinu er afgreiðsla mála og reglubundin verkefni sem ekki eru talin í þessu riti. Þá eru heldur ekki greint frá fjölmörgum smærri verkefnum, sem unnin eru í ráðuneytinu. Vonast er til þess að ársritið gefi nokkra mynd af því mikla og góða starfi, sem samstilltur og góður hópur starfsmanna ráðuneytisins innir af hendi auk þess að veita upplýsingar um þau fjölmörgu verkefni, sem hafa verið unnin til að efla þau svið sem undir ráðuneytið heyrja.



# 2 STEFNUMÓTUN OG ÞRÓUN

## Samstarfsnet opinberu háskólanna

Í stefnuyfirlýsingu um samstarf opinberu háskólanna – Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum – sem gefin var út árið 2010, kemur fram að stjórnvöld vilja standa vörð um starfsemi opinberu háskólanna með því að stofna samstarfsnet þeirra og efna til stóráuðs samstarfs, með hugsanlega sameiningu í huga.

Síðan þá hefur verið gerður rammasamningur um samstarf í stoðþjónustu og tveir viðaukar við hann, annars vegar um sameiginlega hugbúnaðarþróun og upplýsingakerfi og hins vegar um sameiginlega þjónustu við akademískt mat. Þá var gerður samningur um gagnkvæmt aðgengi nemenda að námskeiðum við alla fjóra háskólana.

Í október 2012 gerðu opinberu háskólarnir með sér samning sem miðar að aukinni samnýtingu kennslukrafta milli skólanna. Í honum felst að föstum kennurum verður gert auðveldara að uppfylla starfsskyldur sínar á sviði kennslu við aðra háskóla en þá sem þeir eru ráðnir til. Tilgangur sammingsins er að nýta betur mannauð opinberu háskólanna á sviði kennslu og efla samstarf þeirra á milli. Þá er samningnum ætlað að stuðla að því að fjölga og viðhalda störfum á sérhæfðum fræðasviðum.

<http://samstarf.hi.is/>

## Stefna um kvikmyndamenntun á Íslandi

Ríkisstjórnin samþykkti stefnu um kvikmyndamenntun á Íslandi og ráðuneytið mun í framhaldi af því vinna að innleiðingu hennar í samstarfi við hagsmunaaðila. Stefnan er byggð á tillögum stýrihóps sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði um þetta efni og settar eru fram í skýrslu hans. Hópurinn lagði áherslu á samstarf og samráð við skóla og hagsmunaaðila til að samhæfa ólík sjónarmið um uppbyggingu náms og tengja það þörfum atvinnulífs og uppbyggingu kvikmyndagerðar á Íslandi. Í skýrslunni er fjallað um stöðu náms í kvikmyndagerð á Íslandi, námstækifæri erlendis og gerðar tillögur að framtíðarskipulagi. Lagt er til að kvikmyndamenntun á Íslandi verði skipt í fjögur þrep:

1. Kvikmynda- og fjölmiðlalæsi, kennt á grunnskólastigi.
2. Almenn kvikmyndanáms á framhaldsskólastigi.
3. Sérhæfing á framhaldsskólastigi í stoðhlutverkum kvikmyndagerðarinnar, svo sem hljóð, hár, förðun, tölvuvinnsla, ljós/rafvirkjun, búningar, leikmyndagerð o.fl.
4. Sérhæfing í kvikmyndagerð á BA-stigi. Áhersla lögð á listrænan grunn og markmiðið að útskrifa leiðandi kvikmyndagerðarmenn á sviðum leikstjórnar, handritsgerðar, kvikmyndaöku, klippingar, hljóðs og framleiðslu.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/7081>

## Átak um eflingu menntunar á Suðurnesjum

Haustið 2010 ákvað ríkisstjórnin að efna til sérstaks átaks um eflingu menntunar á Suðurnesjum og veitt var fé til þess á fjárlögum 2011 og 2012. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum atvinnulífs, sveitarfélaga og menntastofnana á Suðurnesjum og ráðnir tveir verkefnastjórnar til að vinna að framgangi verkefnisins.

Helstu verkþættir voru greining á menntunarpörf á svæðinu, könnun á viðhorfum atvinnurekenda og þróun nýrra námsúræða. Samstarf menntastofnana var aukið og staðið fyrir kynningu meðal almennings og nemenda í grunnskólum á náms- og starfsmöguleikum. Þá var undirbúinn formlegur samstarfsvettvangur allra menntastofnana á svæðinu og lagður grunnur að áframhaldandi samstarfi þeirra aðila á Suðurnesjum sem að verkefninu stóðu.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/7375>

## Menningarstefna

Mennta- og menningarmálaráðherra lagði fram þingsályktunartillögu um menningarstefnu stjórnvalda í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og er þess vænst að hún verði afgreidd á vörþingi 2013. Þetta er í fyrsta sinn sem sérstök stefna íslenska ríkisins á sviði menningar og lista er lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Stefnan snýr að verksviði mennta- og menningarmálaráðuneytis í menningarmálum, nema á sviði íþróttar og æskulýðsmála því nýleg stefnumótun í íþróttamálum er fyrirbyggjandi og unnið er að stefnumótun í æskulýðsmálum.

Stefnunni er ætlað að lýsa aðkomu ríkisins að málefnum lista og menningararfs og nýtast stjórnvöldum og Alþingi við ákvarðanatöku, frekari umræðu og stefnumótun á afmörkuðum sviðum. Ekki er fjallað um málefni einstakra listgreina eða aðila á sviði menningararfs heldur lýst aðkomu ríkisins á breiðum grundvelli. Vonast er til að stefnan verði hvatning þeim fjölmörgu sem vinna á sviði íslenskrar menningar, til að vanda til verka og horfa til framtíðar.

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0199.html>



## Innleiðing nýrrar menntastefnu

Síðan lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla voru samþykkt 2008 hefur ný menntastefna verið unnin í fjórum þáttum: Þróun og útgáfa, innleiðing, framkvæmd og mat og eftirlit.

**ÞRÓUN OG ÚTGÁFA:** Unnið var að ritun greinanámskrár grunnskóla á átta greinasviðum. Drögin voru sett í opinbert umsagnarferli og í kjölfarið unnið með athugasemdir, samræmingu og framsetningu fyrir útgáfu sem verður snemma árs 2013. Sniðmát fyrir gerð námsbrauta í framhaldsskóla var í þróun og forritun námsbrautahluta grunnsins hófst. Undir árslok hófst hönnun framhaldsfræðsluhluta námskrárgrunnsins.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla voru birtir hæfniramma fyrir kjarnagreinar, þ.e. íslensku, stærðfræði og erlend tungumál. Þeim er ætlað að nýtast skólafólki á grunn-, framhalds- og háskólastigi m.a. í tengslum við hæfnikröfur, áfangagerð og gerð aðgangsviðmiða. Þá unnu fjórir hópar að gerð hæfniramma í íþróttum, náttúrugreinum, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Jafnframt unnu starfsgreinar að því að skilgreina hæfnikröfur starfa. Þessi stuðningsgögn eru birt á [www.namskra.is](http://www.namskra.is)

**INNLEIÐING MENNTASTEFNU:** Menntastefna og námskrár voru kynntar á málþingum, ráðstefnum og íbúáþingum víðs vegar um landið, þ.á.m. á þremur stórum ráðstefnum, sem ráðuneytið kom að í samvinnu við aðra aðila. Áætlað er að meira en þúsund manns hafi sótt þessar ráðstefnur, málþing og aðrar kynningar. Þá var hrundið af stað verkefninu *Leiðtogi í heimabyggð*. Því er ætlað að styðja við innleiðingu með því að bjóða upp á leiðsögn og fræðslu fyrir skólastjóra og kennara á leik- og grunnskólastigi.

**FRAMKVÆMD** nýrrar menntastefnu birtist m.a. í því að sífellt fleiri framhaldsskólar hafa ákveðið í samvinnu við ráðuneytið að færa skipulag alls námsframboðs undir ákvæði aðalnámskrár. Haustið 2012 bættust Menntaskólinn í Hamrahlíð og Menntaskólinn í Borgarnesi í hópinn. Áður hafa Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Fjölbrautaskólinn í Mosfellsbæ og Kvennaskólinn breytt námsframboði sínu. 27 framhaldsskólar hafa til samans skrifað 1144 áfangalýsingar í námskrárgrunninn.

**MAT OG EFTIRLIT** í tengslum við nýja menntastefnu mun þróast í samræmi við innleiðingu hennar og hefur m.a. í því skyni verið eflt samstarf ráðuneytisins við Námsmatsstofnun.

## Skapandi greinar – sýn til framtíðar

Gefin var út skýrsla um aðkomu hins opinbera að skapandi greinum á Íslandi, Skapandi greinar – sýn til framtíðar. Hún var unnin af starfshópi á vegum fjögurra ráðuneyta; mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, utanríkisráðuneytis svo og Íslandsstofu og Samtaka skapandi greina.

Skýrslan fjallar um hvernig ríki og sveitarfélög haga stuðningi sínum við skapandi greinar með lagasetningu, stjórnsýslu, fjárveitingum og fjárfestingu í menntun, rannsóknum og innviðum. Þá er gerð grein fyrir þeirri stefnu sem fyrir liggur og fjallað um hvernig henni hefur verið fylgt. Á grundvelli þessara upplýsinga leggur starfshópurinn fram 19 tillögur að bættu starfsumhverfi skapandi greina. Í þeim er lögð áhersla á að skapandi greinar séu atvinnugrein sem snerti mörg svið atvinnulífs, menningarlífs og mannlífs. Því sé mikilvægt að tryggja þverfaglegt samstarf stjórnsýslu, atvinnulífs og menningarlífs til þess að stuðla að uppbyggingu greinanna.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/7166>

## GERT: Efling raungreinanáms

Á árinu var settur á stofn samstarfshópur ráðuneytisins, Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til að auka áhuga 10-15 ára nemenda á raunvísindum og tækni. Verkefnið kallast Grunnenntun efl í raunvísindum og tækni, skammstafað GERT. Hópurinn kortlagði stöðu raunvísinda- og tæknimenntunar m.t.t. frammistöðu nemenda, viðhorfa og mats kennara og forspáa um þörf fyrir raunvísinda- og tæknimenntað fólk. Jafnframt var gerð aðgerðaáætlun og tillögur að næstu skrefum. Verkefninu verður áframhaldið á árinu 2013, verkefnisstjóri ráðinn og stofnaður samvinnuvettvangur atvinnulífs, kennaramenntunar, raunvísinda- og tæknimenntunar og grunnskóla.

Skýrslur eru á slóðinni: <http://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/nr/9564>





## Símenntun og starfsþróun kennara

Símenntun og starfsþróun kennara hefur verið til umfjöllunar í ráðuneytinu í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, samtök kennara og þá háskóla sem bjóða kennaramenntun. Í framhaldi af skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara var stofnuð samstarfsnefnd þessara aðila og birt viljayfirlýsing um áherslur í samstarfinu. Í október 2012 kom út skýrsla samstarfsnefndarinnar þar sem m.a. er gerð grein fyrir gagnaöflun, stefnumótun og undirbúningi upplýsingaveitu um símenntun og starfsþróun kennara, þar sem birtar verða upplýsingar um símenntunar- og fræðslutilboð fyrir kennara. Megintillaga nefndarinnar snýr að stofnun fagráðs um starfsþróun kennara og hefur nú verið kallað eftir tilnefningum í það. Gert er ráð fyrir að fagráðið skipi alls 20 fulltrúar ráðuneytisins og hagsmunaaðila. Starfsemi þess á að miða að því að efla með markvissum hætti símenntun og starfsþróun kennara og fá yfirsýn yfir:

- helstu nýjungar, stefnur og strauma í símenntun/starfsþróun kennara
- tengslin milli grunnmenntunar og símenntunar kennara
- þörf á símenntun og starfsþróun kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi
- framboð á fræðslu fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.



## Efling leikskólans

Í ársbyrjun 2012 var skipaður starfshópur til að gera tillögu um aðgerðaáætlun til að fjölga nemendum í leikskólakennaranámi og stuðla þannig að nauðsynlegri nýliðun meðal leikskólakennara. Starfshópnum var einnig falið að gera tillögur um aðgerðir til að jafna kynjahlutföll starfsfólks í leikskólum. Í skýrslu hópsins til ráðherra í maí 2012 eru gerðar tillögur til úrbóta og aðgerða með eftirfarandi að markmiði:

### NÝLIÐUN:

- a. Skammtíamarkmið:
  - Umsóknun í leikskólakennaranám fjölgi um fjórðung næstu 5 árin.
  - 180 leikskólakennarar útskrifast á ári eftir 2020.
- b. Langtíamarkmið:
  - Nýliðun leikskólakennara standi undir endurnýjun starfsfólks árið 2050.

### FJÖLGUN KARLMANNA Í LEIKSKÓLUM:

- a. Skammtíamarkmið:
  - Fjölga umsóknun karlmanna í 6 – 8 umsóknir á ári fyrir 2020.
  - Fjölga útskrifuðum körlum í 6 – 8 á ári fyrir árið 2025.
- b. Langtíamarkmið:
  - Framtíðarsýnin er að ná fullu jafnvægi milli kynja en mælanlegt langtíamarkmið verður að karlmenn verði 10% starfsfólks leikskóla árið 2050.

Í tengslum við framangreind markmið var ákveðið að hefja sérstaka gagnaöflun í þágu verkefnisins og verður m.a. ráðist í að safna saman og greina upplýsingar um leikskólakennara sem hafa valið að starfa á öðrum vettvangi. Ráðgert er að verkefnið hefjist árið 2013 og þá verði einnig sérstakt kynningarátak, breytingar gerðar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna og ráðist í fleiri aðgerðir sem miða að því að ná markmiðunum.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/6845>

## Nýsköpunarmennt

Nýsköpunarmiðstöð Íslands leitaði vorið 2012 til ráðuneytisins eftir samstarfi um nýsköpunarmennt í skólum. Ákveðið var að efna til samstarfs mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Nýsköpunarmiðstöðvar um tillögur um eflingu nýsköpunar- og frumkvöðlamenteitar á framhaldsskólastigi. Skipaður var stýrihópur þeirra sem að verkefninu standa og verkefnahópur, sem sér um framkvæmd verkefnisins í samstarfi við verkefnisstjóra á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar.

Í verkefninu er lögð áhersla á greiningu á stöðu nýsköpunarmenteitar og að draga saman reynslu annarra þjóða á því sviði. Gerð var vefkönnun á stöðu nýsköpunar- og frumkvöðlamenteitar í framhaldsskólum haustið 2012 sem verið er að vinna úr. Unnið er að aðgerðaáætlun um eflingu nýsköpunarmenteitar og tilraunakennsla undirbúin fyrir haustið 2013. Verkefninu verður formlega hrint úr vör í ársbyrjun 2013.

## Málstefna háskólanna

Íslendingar eignuðust opinbera málstefnu í fyrsta sinn hinn 12. mars 2009 þegar Alþingi samþykkti tillögur Íslenskrar málnefndar um opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Samþykkt Alþingis markaði þannig tímamót í sögu tungunnar og staða hennar var enn frekar treyst með lögum um íslenskt mál nr. 61/2011. Mennta- og menningarmálaráðherra fór þess á leit við samstarfsnefnd háskólastigsins að hún tæki íslenska málstefnu til umfjöllunar, léti í té formleg viðbrögð við henni og upplýsti hvernig háskólarnir hygðust beita sér fyrir málefnum íslenskunnar sem möðurmáls í skólastarfi og rannsóknunum. Viðbrögð skólanna voru jákvæð og nú hafa þeir allir sett sér málstefnu, sem tekur mið af þeim markmiðum, sem koma fram í hinni opinberu málstefnu sem Alþingi samþykkti. Skólarnir gangast við ábyrgð sinni sem mikilvægir málsvavar íslenskrar tungu og leggja áherslu á rækt við hana. Viðbrögð skólanna eru ágætur vitnisburður um að íslensk málstefna er virk og mikilvæg.

## Víðtækt samráð um þróun starfsmenntunar

Ráðuneytið stóð fyrir umfangsmiklu stefnumótunarverkefni um starfsmenntun, sem byggðist á víðtæku samráði við hagsmunaaðila. Haldnir voru 18 fundir með u.þ.b. eitt þúsund þátttakendum undir heitinu „Starfsmenntun – hvert skal stefna?“. Til fundanna var boðið fulltrúum framhaldsskóla og framhaldsfræðslu, starfs-greinaráðum, fulltrúum nemenda og fyrirtækja auk fulltrúa náms- og starfsráðgjafa. Fundaröðin er liður í ævinnámsáætlun Evrópusambandsins og naut stuðnings þess í gegnum EES-samninginn.


Markmið fundanna var að ræða framtíðarsýn starfsnáms með tilliti til uppbyggingar þess, hvernig gera megi starfsnám sýnilegra og eftirsóknarverðara fyrir nemendur óháð aldri og kyni. Þá var rætt hvernig megi efla samskipti og samráð hagsmunaaðila í ljósi breytinga á lögum.

Unnið hefur verið úr niðurstöðum fundanna í ráðuneytinu og liggja þær til grundvallar frekari þróun starfsmenntunar, þar sem eftirfarandi markmið eru m.a. höfð að leiðarljósi:

- Jafna þarf stöðu bóknáms og verknáms og gera ráðstafanir til að auka möguleika starfsnámsnemenda til áframhaldandi náms á háskólastigi.
- Fjölga þarf nemendum sem innritast í starfsnám.
- Efla þarf enn frekar samráð yfirvalda menntamála, atvinnulífs, skóla og fleiri hagsmunaaðila þar sem fjallað verður almennt um þróun starfsmenntunar án skírskotunar til einstakra starfssviða.
- Auka þarf þekkingu á skilvirkni og árangri starfsnáms á Íslandi.

## Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Málþingið „Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina“ var haldið í Flensborgarskóla í Hafnarfirði 31. ágúst. Í kynningu á málþinginu sagði m.a.: „Með útgáfu nýrrar aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla er brotið blað í íslensku skólasterfi. Áherslan er færð á nemandann og hæfni hans til að takast á við áskoranir daglegs lífs, starfsumhverfis og næsta skólastigs“. Um 400 manns sóttu málþingið og það var að auki sent út á netinu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti stóð að málþinginu í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands.



## Ný sýn – einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu

Eitt af helstu áhersluatriðum í stefnu Vísinda- og tækniráðs er að líta þurfi á vísinda- og nýsköpunarkerfið sem eina heild og leggja áherslu á samvinnu og samnýtingu til að nýta best þá krafta sem fyrir eru og það almannafé sem veitt er til vísinda og nýsköpunar. Starfsnefndum ráðsins var falið að gera tillögur til einföldunar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, með gæði og árangur að leiðarljósi. Skýrslan Ný sýn – einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu er afkastur þessara vinnu og var hún gefin út í desember 2012. Skýrslan er í tveimur hlutum, annars vegar yfirlit yfir vísinda- og nýsköpunarkerfið og hins vegar tillögur um einföldun á kerfinu.

## Siðareglur í rannsóknum og vísindum

Sérstakur starfshópur á vegum Vísinda- og tækniráðs vann að gerð siðareglna sem fjalla um góð vísindaleg vinnubrögð, hagsmunaárekstra og önnur siðferðileg álitamál sem tengjast rannsóknum og nýsköpun. Í niðurstöðum hans er m.a. lagt til að komið verði á fót sjálfstætt starfandi nefnd um vísindasiðferði.



# 3 LÖG OG REGLUGERÐIR

## Fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi

Árið 2012 bárust 49 fyrirspurnir frá Alþingi og óskað var ýmist eftir skiflegum eða munnlegum svörum. Oftast var spurt um málefni er varða menntamál, vísindi og rannsóknir eða 18 sinnum. 11 fyrirspurnir vörðuðu íþróttir og menningarmál og 10 sinnum var spurt um málefni Ríkisútvarpsins og fjölmiðla.


## Höfundaréttarnefnd

Höfundaréttarnefnd fundaði fimm sinnum á árinu 2012 auk þess að skipuleggja þriðja fund höfundaréttarráðs í samvinnu við ráðuneytið. Aðalstarf nefndarinnar var endurskoðun höfundalaga og lokið var gerð tillagna um breytingar á I. kafla höfundalaga. Þá vann nefndin greinargerð um lokun aðgangs á vefsíðum sem hýsa eða miðla höfundaréttarvörðu efni án heimildar rétthafa. Nefndin vann einnig að tillögum um breytingar á samningskvaðaákvæðum höfundalaga vegna nota á miklu magni af höfundaréttarvörðu efni, t.d. í útvarpi.

## Höfundaréttarráð

Haldinn var þriðji fundur höfundaréttarráðs þar sem kynnt var endurskoðun höfundalaganna, þ.e. breytingar á I. kafla og vinna við breytingar á II. kafla um samningskvaðir. Á fundinum héldu erindi framkvæmdastjóri safnaráðs og fulltrúi Myndstefs um notkun safna á myndverkum á netinu. Einnig voru flutt erindi um höfundarétt og mannréttindi og pallborðsumræður að þeim loknum.

## Þingmál mennta- og menningarmálaráðherra:



## Samráð og kynningar

Með hverju ári eykst sá þáttur við gerð frumvarpa til nýrra laga sem felst í samvinnu og samráði við hagsmunaaðila og almennri kynningu á frumvörpunum. Dæmi eru um að vinna við frumvörp standi yfir í nokkur ár þegar um viðamiklar breytingar eða nýmæli er að ræða en að jafnaði tekur vinnan skemmri tíma.

Við gerð allra nýrra frumvarpa og þegar um mikilvægar breytingar á gildandi lögum er um að ræða er reglan sú að kalla til samráðs fulltrúa viðkomandi hagsmunaaðila. Þegar fyrstu drög eru fyrirbyggjandi eru þau kynnt á vef ráðuneytisins og gefst þá öllum kostur á að gera athugasemdir og tillögur. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og gagnlegar ábendingar komið þar fram.

## Ný lög frá Alþingi á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis

Eins og sést á súluriti hér til hliðar samþykkti Alþingi tíu frumvörp, sem unnin voru í ráðuneytinu og ráðherra lagði fram á 140. löggjafarþingi 2011 – 2012. Ef miðað er við ár en ekki löggjafarþing kemur í ljós að árið 2012 urðu 13 frumvörp að lögum og jafnmörg árið 2011. Árin þar á undan voru þau talsvert færri. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna því nokkur frumvörp voru fullunnin á árinu og bíða afgreiðslu á árinu 2013.


## Ný lög og reglugerðir á sviði menntamála

Með lögum [nr. 68/2012](#) var gerð breyting á lögum [nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla. Ekki var um umfangsmiklar lagabreytingar að ræða en þær eru flestar þýðingarmiklar til að tryggja enn frekar réttindi nemenda til náms og velferðar í skólum. Meginmarkmið laganna er að styrkja réttindi nemenda jafnframt því að leggja áherslu á ábyrgð þeirra á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum við aðra aðila skólasamfélagsins. Þá fékk mennta- og menningarmálaráðuneyti skýrari lagastoð til að útfæra tiltekin atriði í reglugerðum, t.d. hvað varðar skólareglur, skólabrag og aðgerðir gegn einelti.

Gefin var út ný reglugerð, [nr. 699/2012](#) um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan. Meginbreytingin felst í því að sveitarfélögum er nú skylt að gera þjónustusamninga við þá einkaaðila sem reka grunnskóla á þeirra kostnað. Þá eru ákvæði um þjónustusamninga skýrari en áður. Önnur meginbreyting byggir á ákvæðum í grunnskólalögum um að heimilt sé að viðurkenna skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.

Þá var gefin út reglugerð [nr. 547/2012](#) um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum og byggir á grunnskólalögum nr. 91/2008, þar sem staðfestur var réttur fósturbarna til skólagöngu í lögheimilissveitarfélagi fósturforeldra. Reglugerðin tekur m.a. af öll tvímæli um hvaða sveitarfélag skuli bera kostnað af skólagöngu fósturbarna og í lok árs var skipuð sérstök úrskurðarnefnd á vegum ráðuneytisins sem hægt er að vísa til ágreiningsefnum milli sveitarfélaga um kostnað og fleiri þætti.

## Erindi frá umboðsmanni Alþingis og álitsergerðir



## Lög um vinnustaðanáms- sjóð

Lög um vinnustaðanáms sjóð [nr. 71/2012](#) marka tímamót í starfsmenntun hér á landi. Stór þáttur námsins felst í að nemendur læri að beita mismunandi aðferðum og verklagi. Námið fer annars vegar fram í verklegu sérnámi framhaldsskóla undir leiðsögn kennara og hins vegar í vinnustaðanámi eða starfsþjálfun á vinnustað. Með vinnustaðanáms sjóði er hægt að koma að nokkru leyti til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af nemahaldi og auka möguleika nemenda á að ljúka starfsnámi sínu. Þá skapast einnig skilyrði til að gera viðhlítandi gæðakröfur til þeirrar kennslu og þjálfunar sem veitt er. Með þessu móti er einnig viðurkennt mikilsvert framlag fyrirtækja og stofnana til starfsmenntunar. Stjórn vinnustaðanáms sjóðs var skipuð í lok árs 2012 og skipa hana fulltrúar ríkisins og helstu hagsmunaaðila. Fjárveitingar til vinnustaðanáms sjóðs námu 150 millj. kr. árið 2012 og eru upplýsingar um úthlutanir úr sjóðnum birtar á vef ráðuneytisins.



Ný reglugerð, [nr. 230/2012](#), um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum var gefin út. Hún tekur til framhaldsskólanemenda sem eiga rétt á kennslu og sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Markmið reglugerðarinnar er að nemendur:

- hafi jöfn tækifæri til náms án aðgreiningar, eftir því sem við verður komið, þannig að komið sé til móts við náms-, líkam-, félags- og tilfinningalegar þarfir,
- fái fjölbreytt námstilboð, kennslu og stuðning við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu,
- geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra,
- séu búnir með viðeigandi hætti undir að lifa sjálfstæðu lífi, þátttöku í atvinnulífi og frekara nám,
- hafi jöfn tækifæri í framhaldsskólum í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

## Ný lög á sviði vísinda- og háskólamála

Lög um breytingar á lögum [nr. 3/2003](#) um opinberan stuðning við vísindarannsóknir ([nr. 149/2012](#)) og lög um breytingar á lögum [nr. 63/2006](#) um háskóla ([nr. 67/2012](#)) voru afgreidd frá Alþingi og frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, var lagt fram.



• Markmiðið með endurskoðun laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir var m.a. að mæta þeim áherslum, sem koma fram í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010-2012. Helstu nýmæli eru þau að Rannsóknasjóður og Rannsóknarnámssjóður hafa verið sameinaðir, heiti Tækjasjóðs hefur verið breytt í Innviðasjóð og hlutverk hans víkkað, ásamt því að lögfesta skipun fagraða fyrir sjóðinn. Markáætlun á sviði vísinda og tækni er felld undir lögin og ráðherra mun skipa stjórn hennar. Þá er kveðið á í lögum að niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lögin, skuli birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.

• Helstu breytingarnar á lögum nr. 63/2006 um háskóla felast í því að sjálfstæði háskóla er styrkt og ábyrgð þeirra á starfsemi sinni dregin með skýrari hætti fram en áður. Í lögum eru t.d. ákvæði um fræðilegt sjálfstæði háskólakennara og að viðfangsefni rannsókna og kennslu á vegum háskóla skuli vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða veita honum fé. Þá er í lögum skýrt kveðið á um að einungis viðurkenndir háskólar mega bera heitið háskóli og skerpt á ákvæði um mat á námi sem fram fer við aðrar stofnanir og fleira.

• Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, er meginmarkmiðið að allir opinberir háskólar búi við sama lagaumhverfi. Af því leiðir að starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum verður felld undir lögin og lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, felld brott. Þá mun samstarf opinberra háskóla (svonefnt háskólanet) verða lögfest og hlutverk þess skýrt nánar.

## Úr lögum nr. 63/2006 um háskóla:

### 2. gr.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

### 2. gr. a.

Háskólum er skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Fræðilegt sjálfstæði dregur ekki úr ábyrgð starfsmanna á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum viðkomandi háskóla. Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.

Háskólar skulu setja sér siðareglur, m.a. um réttindi og skyldur starfsmanna skv. 1. mgr.

## Úr lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir

### 5. gr.

Fagråd Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs skipar fagråd til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda sem skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn við úthlutanir úr Rannsóknasjóði og Innviðasjóði. Vísindanefnd skipar formenn fagraða sérstaklega. Fagråd eru jafnframt ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg efni eftir því sem óskað er ...



## Ný lög á sviði menningarmála

Óvenju mörg lög voru samþykkt á Alþingi árið 2012 á sviði menningarmála.

- Myndlistarlög nr. [64/2012](#) fjalla um aðkomu ríkisins að þeim málaflokki og í þeim er sérstakur kafli um Listasafn Íslands. Helstu breytingar frá fyrri lögum eru að safnráð er lagt niður í samræmi við skipan mála í öðrum höfuðsöfnum og breytingar eru gerðar á skipan innkaupaneftnda. Þá eru þau nýmæli að komið er á fót myndlistarsjóði og skipað myndlistarráð sem verði ráðherra til ráðgjafar og úthluti úr myndlistarsjóði til verkefna hér á landi og erlendis. Ráðið skal stuðla að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og listsköpun þeirra og vinnaað því að efla alþjóðlegtsamstarf íslenskramyndlistarmanna og stofnana.
- Helstu nýmæli í lögum um bókmenntasjóð [nr. 137/2012](#) eru að starf og skrifstofa bókmenntasjóðs breytist í Miðstöð íslenskra bókmennta og að bókmenntasjóður starfi á vegum hennar. Hlutverk miðstöðvarinnar verður að styrkja útgáfu íslenskra skáldverka og vandaðra rita svo og útgáfu erlendra bókmennta á íslenskri tungu auk þess að leggja aukna áherslu á að kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis og stuðla að útbreiðslu þeirra. Með þessari breytingu er m.a. verið að styrkja eftirfylgni við þann árangur sem náðist á Bókasýningunni í Frankfurt haustið 2011 þegar Ísland var heiðursgestur.
- Þá voru gerðar breytingar með lögum [nr. 124/2012](#) á ípróttalögum [nr. 64/1998](#) á þann veg að ráðherra standi fyrir lyfjaeftirliti í ípróttum í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar og að veitt skuli til þess framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Þá er ráðherra heimilt að fela þar til bærum aðila framkvæmd lyfjaeftirlits með þjónustusamningi til allt að fimm ára í senn.
- Ný lög um bókasöfn, [nr. 150/2012](#) voru sett. Helstu nýmæli í þeim eru að taldar eru upp allar tegundir bókasafna, sem eru reknar fyrir opinbert fé, og kveðið á um samstarf þeirra og samvinnu í bókasafnakerfi landsins. Þá er stofnað bókasafnaráð sem skal vera ráðherra og stjórnvöldum til ráðgjafar, og vinni m.a. að stefnumótun um starfsemi bókasafna. Einnig eru lög um Blindrabókasafn Íslands felld inn í þessi lög og nafni þess breytt í Hljóðbókasafn Íslands. Að auki er kveðið á um að stofnaður verði bókasafnasjóður til að efla starfsemi bókasafna með því að styrkja rannsóknir, þróunar- og samstarfsverkefni í greininni.
- Ný lög um heiðurslaun listamanna, [nr. 66/2012](#) voru sett á árinu.
- Frumvarp til sviðslistalaga var lagt fram á árinu auk frumvarpa til laga um breytingar á fjölmiðlalögum nr. 38/2011 og til nýrra laga um Ríkisútvarpið.

## Ný lög um menningarmínjar

Ný lög um menningarmínjar, [nr. 80/2012](#) voru sett. Þeir stjórnsýsluþættir mínjavörslunnar, sem falla undir mennta- og menningarmálaráðuneyti, verða sameinaðir í einni stjórnsýslustofnun, Minjastofnun Íslands. Þá eru í lögnum ákvæði um verndun húsa og annarra mannvirkja, ásamt ákvæðum um flutning íslenskra menningarverðmæta úr landi, sem áður voru í sérstökum lögum.

Markmiðið með sameiningu þeirra málaflokka sem frumvörpin taka til undir eina stofnun er að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með að auka réttaröryggi almennings. Sameiningin er auk þess liður í endurskoðun á uppbyggingu þeirra menningarstofnana sem heyra undir ráðuneytið.

## Nýmæli í lögum um menningarmínjar

Nokkur helstu nýmæli laganna um menningarmínjar, nr. 80/2012, eru eftirfarandi:

1. Þjóðmínjar eru nú í fyrsta sinn skilgreindar ítarlega með hliðsjón af mikilvægi þeirra fyrir íslenska menningarsögu.
2. Hugtakið þjóðarverðmæti er skilgreint.
3. Skerpt er á skilgreiningu hugtaksins fornleifar og tekin af tvímæli um mörk milli fornleifa og heilla mannvirkja.
4. Hugtakið fornleifarannsókn er skilgreint með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur í tæknilegum aðferðum og með hliðsjón af áherslum UNESCO o.fl. alþjóðastofnana á varðveislu menningarmínja.
5. Hugtakið skyndirannsókn er skilgreint og sett ákvæði um framkvæmd og fjármögnun slíkra rannsókna.
6. Hugtakið mannvirki er skilgreint á skýrari hátt en áður, aldursmörkum sjálfkrafa friðunar er breytt til að auka vernd merkra mannvirkja og gerður er greinarmunur á sjálfkrafa friðun mannvirkja vegna aldurs og friðlýsingu sem er sérstök ákvörðun ráðherra.
7. Friðlýsing fornleifa er færð til ráðherra og einnig er skerpt á að friðlýsing sé hugsuð fyrir úrvafsflokk mínja sem hafi sérstaka þýðingu fyrir þjóðina.
8. Minjaverðir, sem falla undir Minjastofnun Íslands, munu sinna viðtækara hlutverki en áður.
9. Sett eru skýr ákvæði um tímamörk tilkynninga um fund fornleifa, um rask á þeim og viðbrögð Minjastofnunar Íslands.
10. Ábyrgð á gripum í kirkjum landsins færast til Þjóðmínjasafns Íslands.

# 4 SAMSKIPTI VIÐ STOFNANIR, EFTIRLIT OG MAT

## Samningar við háskóla

Samningar voru gerðir við alla háskóla í landinu um kennslu og rannsóknir til næstu fimm ára. Þessir nýju samningar voru undirbúnir í ráðuneytinu í nánu samstarfi við háskólana. Sú breyting var gerð frá fyrra horfi að hverjum samningi fylgir viðauki, þar sem starfsemi skóla er skilgreind nánar. Ráðuneytið og skólarnir höfðu samráð um skilgreiningu tiltekinna samstarfsferla á milli viðkomandi skóla og ráðuneytis og verður viðaukinn til endurskoðunar ár hvert. Markmiðið með nýju samningunum og bættu samráðsferli er m.a. að auka gagnsæi og eftirlit með rekstri skólanna ásamt því að regluleg endurskoðun viðauka hvers samnings gerir skólanum og ráðuneytinu kleift að bregðast jafnóðum við þjóðfélagsbreytingum og sníða rekstur skólanna og háskólastigsins í landinu að þörfum samfélagsins á hverjum tíma.

Í öllum háskólasamningum er kveðið á um samræmd skil lykiltalna um starfsemi og rekstur háskólanna. Í samningunum er settur fram rammi að lykiltölum er beinast að nemendum, starfsfólki, kennslu og rannsóknum, fjárhag, virkni og alþjóðlegum áherslum. Markmiðið er að regla verði á skilum og birtingu samræmdra lykiltalna, en lykiltölur munu m.a. nýtast sem stjórnþæki skóla og ráðuneytis auk upplýsingagildis fyrir hagsmunaaðila. Stefnt er að því að lykiltölur háskóla verði m.a. birtar í veflægru útgáfu á árinu 2014. Samráð er hafið við háskólana og Hagstofu Íslands um einstakar skilgreiningar, samræmingu þeirra og eftirlit.

Í öllum háskólasamningum er kveðið á um skilgreiningu háskóla á aðgangsviðmiðum. Háskólum ber að skilgreina og birta lágmarkskröfur um hæfni nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða námsbrautum þeirra. Aðgangsviðmið einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægar upplýsingar fyrir framhaldsskóla við gerð námsbrauta þeirra og fyrir námsmenn um sérhæft námsval. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla skal lokið árið 2015 og lögd er rík áhersla á að virkt samráð eigi sér stað á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, framhaldsskólanna og háskólanna um aðgangsviðmið. Háskólarnir munu í síðasta lagi skólaárið 2014/2015 birta aðgangsviðmið allra námsleiða viðkomandi skóla. Samráð um gerð aðgangsviðmiða er hafið.

[http://www.menntamalaraduneyti.is/haskola\\_visindamal/samningar/](http://www.menntamalaraduneyti.is/haskola_visindamal/samningar/)

## Alþjóðaskrifstofur sameinast

Unnið var að flutningi Landskrifstofa Menntaáætlunar Evrópusambandsins og Nordplus frá Háskóla Íslands til Rannís til að sameina nokkrar af stærstu styrktaráætlunum ESB og Norrænu ráðherranefndarinnar undir einni stofnun. Markmiðið með sameiningunni var að styrkja erlent samstarf á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar á Íslandi og einfalda aðkomu umsækjenda að áætlunum. Sameiningin tekur gildi 1. janúar 2013 og fyrst um sinn verður starfsemin á tveimur stöðum því Rannís verður áfram á Laugavegi 13 og starfsemi Menntaáætlunar (Comenius, Leonardo, Erasmus og Grundtvig) og Nordplus í Tæknigarði við Dunhaga.

Gert er ráð fyrir að frá árinu 2014 verði talsverðar breytingar á styrkjaáætlunum ESB, sem m.a. felast í því að **MEDIA** - kvikmynda- og sjónvarpsáætlunin sameinast menningaráætluninni og æskulýðsáætlunin verði sameinuð menntaáætluninni. Þá munu ný verkefni, sem áður voru í öðrum áætlunum, verða felld undir nýja rannsóknáætlun.

[www.rannis.is](http://www.rannis.is)

## Flutningur á verkefnum frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningar- málaráðuneytis

Ráðuneytið tók yfir ábyrgð á málefnum er varða Hrafnseyri við Arnarfjörð og Gjóf Jóns Sigurðssonar af forsætisráðuneyti og forræði í málefnum Vesturfaraseturs. Þá var hafinn undirbúningur að því að fella starfsemi Þjóðmenningarhúss undir Þjóðminjasafn Íslands frá 1. júní 2013.



## Tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólum

Ytra mat á leik- og grunnskólum er lögbundið verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarfélaga. Haustið 2010 var stofnaður faghópur til að meta hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi sveitarfélaga og ráðuneytis um reglubundið ytra mat á grunnskólum og móta hugmyndir um hugsanlegt samstarf. Í hópnum voru fulltrúar ráðuneytis og sveitarfélaga auk sameiginlegs verkefnisstjóra ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skriflegri tillögu um útfærslu ytra mats á grunnskólastarfi lagði faghópurinn til að ytra matið næði til allra grunnskóla í landinu og að þeir verði metnir á sambærilegan hátt og á grundvelli sömu viðmiða, að teknu tilliti til aðstæðna og sérstöðu í hverjum skóla. Ekki er gert ráð fyrir samanburði á einstaka skólum en að sveitarfélög og skólar muni þó geta skoðað stöðu sína miðað við stöðu heildarinnar.

Tilraunaverkefnið hófst í byrjun janúar 2012 og stóð yfir fram í júní sama ár og voru 6 grunnskólar metnir á tilraunatímabilinu. Samþykkt hefur verið að halda verkefninu áfram og gera ytra mat á átta til tíu grunnskólum á árinu 2013. Ytra mat á grunnskólum verður unnið samkvæmt aðferðafræði þeirri sem þróuð var í tilraunaverkefni ráðuneytisins og sveitarfélaga en enn um sinn verða gerðar hefðbundnar heildarúttektir á leikskólum. Ráðuneytið mun áfram fylgja eftir úttektum á leik- og grunnskólastigi eins og verið hefur og kalla eftir umbótaáætlunum skóla og fylgja þeim eftir. Einnig mun ráðuneytið gera áætlun um úttektir á leik- og grunnskólastigi til þriggja ára í senn.

[Upplýsingar um tilraunaúttektirnar](#) eru aðgengilegar á heimasíðum ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt ýmsum gögnum sem tengjast verkefninu.

## Úttekt á kennslu í stærðfræði í átta grunnskólum

Ráðuneytið lét gera úttekt á framkvæmd stærðfræðikennslu á unglingastigi í grunnskólum með hliðsjón af almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2006 og 2011 og námskrá í stærðfræði frá 2007. Úttektin beindist m.a. að kennsluháttum, námsmati, námsgögnum, árangri af kennslunni og menntun kennara. Valdir voru átta skólar með tilliti til stærðar, gerðar og staðsetningar. Þannig var leitast við að hafa gróna skóla í þéttbýli, skóla á landsbyggðinni, bæði til sveita og í sjávarþorpum, og fjölmenna og fámenna skóla.

Í úttektarskýrslunni er bent á ýmsa þætti sem telja má til styrkleika stærðfræðikennslu í skólunum átta. Úttektaraðilar telja kennarana hafa sterkan faglegan grunn, vera jákvæða í garð starfsins og bera hag nemenda fyrir brjósti. Viðhorf stjórnenda og forráðamanna til námsgreinarinnar er einnig jákvætt. Þjónusta er góð við nemendur sem eiga í erfiðleikum með að læra stærðfræði og til er nýtt námsefni sem þjónar vel markmiðum aðalnámskrár. Meðal veikleika er nefnt að aðalnámskrá fyrir stærðfræði frá 2007 sé of ítarleg, nýju námsefni þurfi að fylgja betur eftir, lítil þjónusta sé við námslega sterka nemendur, endur-/símennntun sé ábótavant og að auka megi samstarf stærðfræðikennara um kennslu og þróunarstarf.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/6882>

## Menningarsamningar

Alþingi ákvað að gerðar yrðu breytingar um úthlutun styrkja til verkefna á fjárlögum ársins 2012, þannig að það hætti að ákvarða einstakar styrkveitingar. Með þessu breytta fyrirkomulagi var kominn grundvöllur að því að fela sveitarfélögum úthlutun slíkra styrkja hvert á sínu svæði. Gerður var viðauki til tveggja ára við gildandi menningarsamninga. Alls eru 82,6 m.kr. árlega til ráðstöfunar sem skipt er milli menningarsamninganna sjö við Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Framlaginu skal varið til stofn- og/eða rekstrarstyrkja. Menningarráðum hefur verið falin umsýsla styrkveitinganna.

Með þessu er sveitarfélögum falið enn stærra verkefnið og ábyrgð sem áður var á hendi Alþingis. Jafnframt leitast stjórnvöld við að tryggja að ákvörðun um stuðning við einstök verkefni verði tekin af nærsamfélaginu á faglegan og vandaðan hátt. Tekin verður ákvörðun um endurnýjun menningarsamninga á árinu 2013 að undangenginni úttekt á starfseminni.





## Samningar við menningarstofnanir

Í ársbyrjun voru undirritaðir árangursstjórnunarsamningar við Íslenska dansflokkinn, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsið og Þjóðmenningarhúsið. Samningarnir gilda fyrir árin 2012, 2013 og 2014. Í þeim eru skilgreind helstu markmið og áherslur í starfi viðkomandi stofnunar og tilgreindir áfangar í starfinu og töluleg viðmið eftir því sem mögulegt er. Þá er fjallað um samstarf og verkaskiptingu viðkomandi stofnunar og ráðuneytisins. Tvisvar á ári halda fulltrúar stofnunar og ráðuneytisins fund til að ræða starfsemi hennar og árangur á liðnu ári, fara yfir fjárhagsstöðuna, ræða starfsemi komandi árs auk þess að fara yfir forsendur fjárlaga og rekstraráætlun fyrir komandi fjárlagaár.

Þá voru undirritaðar í byrjun árs styrktarsamningar til þriggja ára við kynningarmiðstöðvar listgreina; Handverk og hönnun, Hönnunarmiðstöð Íslands, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar. Í þeim eru skilgreind meginmarkmið og tilgreindir helstu þættir í starfseminni. Einu sinni á ári er haldinn fundur til að fara yfir starfsemina og fjárhagsstöðuna. Einnig voru á árinu gerðir samningar til þriggja ára við Bókmenntahátíð í Reykjavík, Bandalag íslenskra listamanna, IBBY á Íslandi, Rithöfundasamband Íslands og Samband íslenskrar myndlistarmanna um framlag til reksturs og/eða tiltekinna verkefna.


Í gildi eru þriggja ára styrktarsamningar á grundvelli tillögu frá tónlistarráði fyrir tímabilið 2011-2013 við eftirtalda: Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT, Tónskáldafélag Íslands vegna Myrkra músíkdaga, Stórsveit Reykjavíkur, FÍT og FÍH vegna tónleika á landsbyggðinni og Kammermúsíklúbbinn. Þá voru gerðir styrktarsamningar til þriggja ára við Sumartónleika í Skálholti og við Tónlistarhátíð unga fólksins fyrir tímabilið 2012-2014. Loks var gerður styrktarsamningur til fjögurra ára við Vesturfarasetrið á Hofsósi og unnið að endurnýjun styrktarsamninga sem runnu út á árinu.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/samningar/>

## Safn Sigurjóns Ólafssonar fær Listasafni Íslands að gjöf

Á miðju ári var tilkynnt um gjöf sjálfseignarstofnunar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á listaverkum Sigurjóns Ólafssonar og öðrum eignum safnsins til Listasafns Íslands. Í gjafabréfinu kemur m.a. fram að sjálfseignarstofnunin „... gefi Listasafni Íslands allar eignir Listasafns Sigurjóns Ólafssonar til varðveislu í minningu um Sigurjón Ólafsson og list hans og Ingu Birgittu Spur, eftirlifandi eiginkonu hans, sem haldið hefur list og minningu listamannsins á lofti frá því hann féll frá“. Gjöfin felur í sér að Listasafni Íslands voru færðar til eignar rúmlega hundrað og áttatíu höggmyndir og tvö hundruð og fjórutíu teikningar Sigurjóns Ólafssonar, verkfæri hans og vinnuskissur, afsteypur af listaverkum á sölulager, ljósmyndir af listaverkum, skráningargögn og heimildir (blaðaúrklippur, sýningarskrár og bréfasafn), auk lausamuna í eigu safnsins, m.a. flygill af Bösendorfer gerð. Þá var fasteignin að Laugarnestanga 70, þ.e. íbúð og safnbygging með öllum innréttingum og lóðarréttindum, hluti gjafarinnar. Samhliða þessum gjafagjöfningi fékk Listasafn Íslands jafnframt rúmlega eitt hundrað og sextíu höggmyndir listamannsins til viðbótar að láni ótímabundið, auk þess að njóta forkaupsréttar á þeim verkum. Það er því ljóst að hér var um að ræða afar verðmæta gjöf til Listasafns Íslands, bæði í listrænu og fjárhagslegu tilliti.

Gjöfin var staðfest með undirritun gjafabréfs og samkomulags um ofangreint lán listaverka o.fl. í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi fimmtudaginn 21. júní 2012.



## Samræmd könnunarpróf í grunnskólum landsins nýttast vel í skólastarfi

Ráðuneytið lét gera könnun á hagnýtingu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins. Spurningar voru lagðar fyrir rýnihópa skólastjórnenda, kennara og foreldra við tuttugu grunnskóla víðsvegar á landinu. Þátttakendur voru spurðir um afstöðu sína til prófanna og framkvæmd þeirra, hvernig nemendur væru undirbúnir, hvernig niðurstöðurnar væru nýttar í skólastarfi, um samskipti skóla og foreldra og hvort eitt-hvað mætti betur fara í framsetningu og kynningu á niðurstöðunum. Meðal helstu niðurstæðna eru eftirfarandi:

- Skólastjórnendur og kennarar eru almennt sammála um að samræmd könnunarpróf séu mikilvægur og eðlilegur þáttur í starfi skóla. Í öllum skólunum eru prófin nýtt með fjölbreyttum hætti. Að mati flestra kennara og skólastjórnenda er vægi könnunarprófanna svipað og áður þegar samræmdu prófin voru lögð fram að vori, nema þá helst fyrir tíunda bekk, þar sem þau gegna ekki lengur hlutverki við innritun í framhaldsskóla. Sumir nefndu að viðhorfið til prófanna væri afslappaðra nú en áður.
- Afstaða foreldra til prófanna var blendnari. Þótt margir þeirra hafi lýst þeirri skoðun að þau væru mikilvægur þáttur í skólastarfi og menntun nemenda þá heyrðust líka raddir um að þau skiptu ekki miklu máli og væru jafnvel til ógagns og sumum nemendum erfið.

## Úttekt á þátttöku Íslands í rammaáætlunum ESB um rannsóknir og þróun 2003-2011

Birt var skýrsla um úttekt á þátttöku Íslands í 6. og 7. rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun, frá 2003-2011. Í henni kom fram að helstu niðurstöður úttektarinnar voru að þátttaka í rannsóknáætlunum hafi valdið kaflaskiptum í rannsóknum og þróun á Íslandi. Það var einróma álit einstaklinga innan háskóla-samfélagsins, stjórnsýslunnar og atvinnulífsins að þátttakan hafi leitt til stórauðsins alþjóðlegs samstarfs og opnað íslenskum vísindamönnum aðgang að þekkingu og aðstöðu sem ekki var fyrir hendi hér á landi. Hún hafi aukið gæði rannsókna, aukið nýsköpun hjá fyrirtækjum og bætt samkeppnishæfni. Áhrifin voru einna mest á þeim sviðum þar sem Ísland er sterkt og stuðlaði mjög að þeim árangri, sem íslenskt vísindafólk náði á alþjóðlegum vettvangi, sem m.a. sést í fjölda birtinga í samstarfi við alþjóðlega vísindahópa. Fyrirtækin sem tóku þátt í verkefnum töldu sig hafa ávinning af rannsóknasamstarfi við framtíðarþróun og þau hafi bætt samkeppnisstöðu sína.

Þátttaka í rannsóknáætlunum hefur stuðlað að því að umfang rannsókna á Íslandi er umtalsvert meira en ella. Á tímabilinu frá 2003 til fyrsta ársfjórðungs 2012 var búið að semja um styrki að fjárhæð sem er tæplega 3,5 milljörðum kr. hærrí en greitt var fyrir þátttöku í áætluninni á sama tíma.

Í skýrslunni er talin full þörf á að efla stuðning við ritun umsókna, rekstur verkefna og eftirfylgni þeirra og á það sérstaklega við um einstaklinga og smá fyrirtæki. Þá eru fjölmargar tillögur til ráðherra um aðgerðir til að efla stefnumótun á sviði rannsókna og stuðning við umsækjendur og hefur ráðuneytið haft þær til hliðsjónar og athugunar.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkygningar/nr/6876>

## Kannanir á íþróttakennslu

### Skýrsla um framkvæmd og fyrirkomulag íþróttakennslu í grunnskólum

Ráðuneytið fól Capacent Gallup í febrúar 2012 að gera könnun á framkvæmd og fyrirkomulagi íþróttakennslu í grunnskólum. Í niðurstöðum kom fram að nánast jafn margir karlar og konur kenna íþróttir í grunnskólum og flestir þeirra, eða 78%, eru grunnskólakennarar með íþróttir sem sérgrein. Í nokkrum tilvikum var brugðið frá námskrá og óskaði ráðuneytið eftir skýringum frá viðkomandi skólum og var brugðist við þeim eftir atvikum.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/6809>

### Könnun á íþróttakennslu í framhaldsskólum

Capacent Gallup kannaði ýmsa þætti í íþróttakennslu í framhaldsskólum vorið 2011 fyrir ráðuneytið. Skóla-meistarar í 32 framhaldsskólum tóku þátt í könnuninni. Í niðurstöðum hennar kom fram að við tvo skóla voru ekki starfandi íþróttakennarar og í þremur skólum var engin bókleg kennsla í íþróttum. Í átta skólum stunduðu ekki allir nemendur í reglulegu dagskólanámi íþróttir samkvæmt stundaskrá fyrstu fjögur árin. Í 26 skólum var hægt að fá íþróttaiðkun utan skóla metna til eininga en viðmið vegna matsins voru mismunandi milli skóla. Í kjölfar skýrslunnar óskaði ráðuneytið eftir skýringum og viðbrögðum þeirra skóla sem ekki haga kennslu í íþróttum í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/6822>





## Úttekt á ritunarkennslu í 12 grunnskólum

Gerð var úttekt á kennslu, námskröfum og námsmati í ritun á unglíngastigi í tólf grunnskólum víðsvegar um landið. Í skýrslu með niðurstöðum hennar er bent á ýmsa þætti sem telja má til styrkleika ritunarkennslu í skólunum, þ.á m. að hún samrýmist vel flestum markmiðum aðalnámskrár og að margir þættir starfsins séu til fyrirmyndar. Má þar t.d. nefna fjölbreytni í verkefnagerð, jákvætt viðhorf og metnað kennara. Námsumhverfi er að öllu jöfnu aðlaðandi og hvetjandi og niðurstöður úr samræmdum prófum hafa verið nýttar á uppbyggilegan hátt.

Þótt kennarar telji sig að flestu leyti vel í stakk búna til að kenna ritun skortir þá úrræði að eigin sögn til að kenna suma þætti ritunar, t.d. sköpunarþáttinn. Fram kemur að tölvukostur skólanna er yfirleitt ófullnægjandi og ekki er farið nægjanlega eftir fyrirætlum aðalnámskrár um notkun tölvu og ritvinnslu í ritunarkennslu. Sérstaklega kemur fram að ritunarkennsla á unglíngastigi sé ekki nægilega markviss og of lítil áhersla lögð á skapandi skrif. Auka þarf vægi ritunarkennslu í kennaranámi og æskilegt væri að móta stefnu um þátt ritunar í kennaranámi sem m.a. byggði á samstarfi milli sviða og jafnvel einnig háskóla sem mennta grunnskólakennara. Í skýrslunni kemur fram að nemandur í kennaranámi við Háskóla Íslands geta útskrifast sem grunnskólakennarar án þess að hafa tekið námskeið í málfræði, stafsetningu og skapandi ritun. Þá er bent á að bæta þyrfti möguleika kennara til símenntunar.



Markmiðið með úttektinni var að afla upplýsinga um framkvæmd kennslu í ritun í íslensku í byrjendakennslu, 4., 7. og 10. bekk grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla í íslensku frá 2007 og almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2006 og 2011. Einnig voru athuguð ritunarmarkmið í aðalnámskrá í öðrum námsgreinum eftir því sem þörf krafði. Úttektin beindist m.a. að kennsluháttum, námsmati, námsgögnum, árangri af kennslunni og menntun kennara.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/2013/01/25/nr/7376>

## Íslenska í tölvuheimum

### Könnun á tungumáli hugbúnaðar í skólum

Nefnd starfaði á vegum ráðuneytisins „til að fylgja eftir stefnu um notendaviðmót á íslensku í skólum og [...] gera áætlun um aðrar aðgerðir sem tilgreindar eru í málstefnunni um íslensku í tölvuheiminum“. Nefndin fól Capacent Gallup að gera könnun á tungumáli hugbúnaðarviðmóts í skólakerfinu. Spurningalisti var sendur öllum grunnskólum landsins, 170 talsins, og var svörun 100%. Meginniðurstöðurnar voru að skólastjórar 70 skóla af 170 segja það ekki vera opinbera stefnu síns skóla að viðmót á tölvum nemenda sé á íslensku. Þá var spurt hvort notendahugbúnaður væri valinn með tilliti til þess að hann væri fáanlegur með íslensku viðmóti og voru svörin í samræmi við niðurstöður hér að ofan. Einnig var spurt um rafrænt kennsluefni, aðgang að tilteknum hugbúnaði, vöfrum, skýjum og félagstenglasíðum í tölvum skólans o.fl.

Í lokaskýrslu nefndarinnar er m.a. fjallað um könnunina og gerðar tillögur um aðgerðir á þeim þrem meginsviðum sem nefndin fjallaði um; íslenskt notendaviðmót, málætkni og rafrænt námsefni, einkum fyrir spjaldtölvur og lesbretti.

[Tölvur og íslenskt mál í grunnskólum](#)



## Samningar um þekkingarsetur og árangursstjórnun

Samningar við þekkingarsetur eru til 3 ára. Meginmarkmið samninganna er að bæta aðgengi íbúa að námi og stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsóknna, fræðastarfs og atvinnuþróunar. Jafnframt að próa námsleiðir og/eða námskeið á háskólastigi m.a. í samstarfi við háskóla, sérfræðinga og önnur þekkingarsetur. Á árinu voru undirritaðir samningar við Þekkingarsetur á Blönduósi og Þekkingarsetur Suðurnesja. Með samningunum er komið á reglulegu samráði milli ráðuneytisins og setranna um markmið og árangur enda er það í samræmi við stefnu mennta- og menngarmálaráðuneytis að fylgjast betur með þeim verkefnum, sem það styður við.

Í árangursstjórnunarsamningum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila við útfærslu lögbundinna hlutverka stofnunar. Megintilgangur samninganna er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli og upplýsingamiðlun á milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar. Í árslok var undirritaður árangursstjórnunarsamningur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og í ársbyrjun 2013 við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Allir samningar eru birtir á vefslóðinni [http://www.menntamalaraduneyti.is/haskola\\_visindamal/samningar/](http://www.menntamalaraduneyti.is/haskola_visindamal/samningar/)

## Eftirfylgni samninga og verkefna skrifstofu vísinda og háskóla

Komið hefur verið á skipulagi og föstu formi á eftirliti með samningum. Á öll samningsmál skrifstofunnar hafa verið skráð vöktunatriði samnings með tímamörkum skila á upplýsingum, samkvæmt ákvæðum í viðkomandi samningum. Allir samningsaðilar hafa tilgreint einn tengilið vegna vöktunar samninga og er allri vöktun ráðuneytisins beint til hans til úrlausnar. Í öllum tilvikum eru skilagögn samningsaðila á rafrænu formi. Undir hverju samningsmáli eru fasar, þ.e. fjármál, samráðsfundir og framkvæmd samnings, þar sem tilheyrandi gögn eru vistuð.

Eftirfylgni samninga er sameiginlegt viðfangsefni skrifstofu vísinda og háskóla og upplýsinga og fjármálasviðs. Í verkefnayfirliti skrifstofu vísinda og háskóla eru m.a. vöktunatriði samninga ásamt verkefnum er tengjast framkvæmd þeirra en jafnframt önnur viðföng skrifstofunnar. Í verkefnayfirliti koma fram undir heiti verkefnis einstakir verkþættir ásamt umsjónaraðila og tímaramma.

## Stofnanaúttektir á leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum


Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er kveðið á um reglulegar úttektir á starfsemi þeirra. Til dæmis segir í 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008: „Menntamálaráðuneyti annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólalæsi í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólustarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum“. Sambærileg ákvæði eru í lögum um leik- og grunnskóla. Árið 2012 voru úttektir gerðar á starfsemi 7 framhaldsskóla, 10 grunnskóla og 8 leikskóla í samræmi við lög og samkvæmt þriggja ára áætlunum ráðuneytisins um úttektir á þessum skólastigum. Í nokkrum tilvikum var um að ræða úttektir að frumkvæði ráðuneytisins eða viðkomandi sveitarstjórna. Í kjölfar úttektanna voru birt viðbrögð við þeim og tillögur til úrbóta.

## Framhaldsdeild á Hvammstanga

Gerður var samningur á milli Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra (FNV) og Húnaþings vestra um starfsemi framhaldsdeilda á Hvammstanga til ársloka 2015. Um er að ræða tveggja ára bóklegt nám á framhaldsskólastigi með kennslu frá FNV í gegnum fjarfundabúnað, tölvusamskipti og námslotur á Sauðárkróki. Nemendur í dreifnámi fara í tvær námslotur á Sauðárkróki á hverri önn, viku í senn. Loturnar eru mikilvægur hluti af náminu því þá gefst nemendum tækifæri til þess að hitta kennara, fá verklega kennslu og stunda félagslíf.

## Úttekt á Háskólanum í Reykjavík

Á árinu stóð Gæðaráð háskóla fyrir [úttekt á Háskólanum í Reykjavík](#) en þetta var fyrsta úttekt ráðsins sem var stofnað um áramótin 2010/2011. Í úttektarnefndinni sátu fimm erlendir sérfræðingar og einn íslenskur háskólanemi. Nefndin gerði ýmsar tillögur til úrbóta í starfsemi skólans en meginniðurstaða hennar var sú að hún teldi skólann hafa fulla burði til þess að tryggja gæði þeirra námsgráða sem skólinn býður upp á.



## Skólasamningar

Samkvæmt lögum skal gera samninga við framhaldsskóla til 3-5 ára. Í þeim skulu koma fram helstu áherslur í starfsemi skóla og farið yfir framkvæmd þeirra árlega. Samningarnir eru grundvöllur samstarfs og samskipta, fjalla um gagnkvæmar skyldur og ábyrgð, endurspeglar forgangsröðun og sameiginlegar áherslur á helstu verkefni.

Samningaviðræður ráðuneytisins hófust með heimsóknum sérfræðinga úr ráðuneytinu í þá 31 skóla sem voru með lausa samninga um áramótin 2011/2012. Þarna gafst gott tækifæri til að fara yfir hvernig samningarnir hefðu reynst sem tæki til framþróunar og árangursstjórnunar í skólasterfi. Það leiddi til þess að sniðmát samninganna var þróað og bætt og markmiðakaflar þeirra gerðir að viðauka. Með því getur samningurinn staðið óbreyttur allan samningstímamann þó árlega sé farið yfir markmiðin og þau endurskoðuð í samræmi við mælanlegan / matshæfan og tímasettan árangur. Að jafnaði er gert ráð fyrir að samningar við alla skólana hafi sama gildistíma en í ljósi fjöldans var ákveðið á semja við 1/3 skólanna til tveggja ára, 1/3 til þriggja ára og 1/3 til fjögurra ára. Í framhaldi verður stefnt að endurnýjun samninga á þriggja ára fresti. Stefnt er að því að allir samningar verði undirritaðir í byrjun árs 2013.

Samningaviðræður hófust um þjónustusamninga við fjóra einkarekna framhaldsskóla. Um slíka samninga er fjallað í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Tveir þessara skóla bjóða almennt framhaldsskólanám og hafa samningar verið gerðir við þá. Hinir skólarnir tveir eru með sértækt nám og stefnt er að undirritun samninga við þá snemma árs 2013.

## Aðgerðir til að sporna gegn brotthvarfi nemenda frá námi

Vinnuhópur sérfræðinga á vegum OECD skilgreindi haustið 2011 styrk- og veikleika íslenska menntakerfisins við að sporna gegn brotthvarfi. Í framhaldi af því setti ráðuneytið í laggirnar vinnuhóp til að móta áframhaldandi starf að þessum málum og hefur hann skilgreint aðgerðir, m.a. í ljósi greiningar OECD, fyrirbyggjandi rannsóknna á brotthvarfi og reynslu annarra ríkja í þessu efni.

Í árslok 2012 var ákveðið að þrjú framhaldsskólar taki þátt í brotthvarfsverkefni á vegum ráðuneytisins. Tilgangur verkefnisins er að greina hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu, skrá ástæður brotthvarfs o.s.frv. svo unnt verði að bæta þekkingu á orsökum brotthvarfs og draga úr því. Verkefnið nær til þriggja stórra verknámsskóla og einnig verður leitað samstarfs við þrjú grunnskóla, sem eru í góðum tengslum við þá skóla, sem taka þátt í verkefninu. Greining á brotthvarfshættu nær til nýnema sem hófu nám í viðkomandi framhaldsskólum haustið 2012 og 2013 og nemenda í unglingsaldri þriggja grunnskóla. Miðað er við að þær aðgerðir sem mótaðar hafa verið í verkefninu „Nám er vinnandi vegur“ verði útfærðar fyrir þá nýnema sem greindir eru í brotthvarfshættu. Verkefnið takmarkast við framhaldsskólanemendur á aldrinum 16-24 ára auk nemenda á unglingsstigi í völdum grunnskólum.

Skýrsla OECD: <http://www.oecd.org/iceland/49451462.pdf>

## Framkvæmdir á vegum ráðuneytisins og stofnana þess

### Háskólinn á Akureyri

Lokið var hönnun og boðnar út framkvæmdir við 5. áfanga Háskólans á Akureyri. Áfanginn er nýbygging, um 750 fermetrar að stærð, og mun hýsa skrifstofur skólans.

### Hús íslenskra fræða

Lokið var við hönnun Húss íslenskra fræða og stefnt er að útboði í janúar 2013.

### Fjölbrautaskólinn í Ármúla

Framkvæmdir við Fjölbrautaskólann í Ármúla hafa verið unnar í lotum frá árinu 2008 og hefur verið byggður fjólnotasalur, þ.e. matsalur og fyrirlestrasalur, stjórnunarálma og einnig kennsluálma. Á árinu 2012 voru lóðir við nýju byggingarnar hannaðar.



### Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Að lokinni hönnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ var verkið boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu á fyrri hluta árs og hófust framkvæmdir í júní 2012. Í árslok var unnið við uppsteypu 1. og 2. hæðar. Verkkaupar eru mennta- og menningarmálaráðuneyti og Mosfellsbær.







## Framkvæmdir á vegum ráðuneytisins og stofnana þess




### Menntaskólinn við Sund

Hönnunarsamkeppni um viðbyggingu Menntaskólans við Sund fór fram á vegum mennta- og menningar- málaráðuneytis og Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar. Samkeppnin var auglýst í júní 2012. Þátttaka í samkeppninni var góð og bárust 19 tillögur. Niðurstöður voru kynntar þann 25. október 2012.

## Mat á starfsbrautum framhaldsskóla

Að beiðni ráðuneytisins lagði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands mat á starfsbrautir/ sérnámsbrautir framhaldsskólanna. Markmið rannsóknarinnar var að kanna rekstur starfsbrauta, markmið sem þeim hafa verið sett, faglega framkvæmd og árangur, draga fram veikleika og styrkleika starfsbrauta í völdum framhaldsskólum auk þess að kanna viðhorf starfsbrautar- nemenda og foreldra/forráðamanna þeirra til starfseminnar. Niðurstöður úttektarinnar benda til þess að rekstur starfsbrauta sé almennt í nokkuð góðu lagi en að til staðar séu veikleikar sem nauðsynlegt sé að huga að. Þessir veikleikar varða einkum faglegar áherslur skólanna en að nokkru leyti aðbúnað í skólunum.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/7374>



### Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Unnið var að hönnun Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á grundvelli vinningstillögu í hönnunarsamkeppni. Gert er ráð fyrir útboði verk- framkvæmdar á fyrrihluta árs 2013.

### Þjóðskjalasafn

Í Þjóðskjalasafni Íslands við Laugaveg 162 var áfram unnið að endurbótum í húsi 4. Lauk þeirri lotu að fullu og settar voru upp skjalahirslur í kjallara. Hafin var hönnun vegna endurbóta á húsi 5.

### Þjóðleikhúsið

Á árinu 2012 var lokið við frumathugun vegna byggingar leikmunageymslu við Þjóðleikhúsið.



# 5 ÝMIS VERKEFNI

## Skýrsla OECD um stöðu menntamála árið 2010

### HELSTU ATRIÐI:

- Menntunarstaða Íslendinga hefur batnað jafnt og þétt frá aldamótum.
- Hlutfall þeirra sem ekki höfðu lokið formlegri menntun eftir grunnskóla er hátt í samanburði við önnur OECD ríki.
- Útgjöld til háskólamála hafa ekki fylgt eftir hraðri fjölgun nemenda frá aldamótum.
- Tæp 20% íslenskra háskólanema stunda nám erlendis.

Menntunarstaða Íslendinga hefur batnað jafnt og þétt frá aldamótum. Árið 2010 höfðu 33% fólks á aldrinum 25 – 64 ára á Íslandi lokið háskólaprófi og 33% höfðu ekki lokið neinu prófi eftir grunnskóla samanborið við 21% og 45% um aldamótin. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD um stöðu menntamála í aðildarríkjunum, Education at a Glance, fyrir árið 2010.

Í skýrslunni eru tölfræðilegar upplýsingar sem sýna menntunarstöðu þjóða, árangur sem náðst hefur við að mennta vinnuaflið og áhrif menntunar á efnahagslífið. Þá eru upplýsingar um útgjöld til menntamála og hvernig þeim útgjöldum er ráðstafað, um sókn eftir menntun og sambandið milli menntunar og atvinnuþátttöku, auk þess sem fjallað er um skipulag skólstarfs og laun kennara.

### MENNTUNARSTAÐA Í ALÞJÓÐLEGUM SAMANBURÐI

Þrátt fyrir jákvæða breytingu á menntunarstöðu Íslendinga frá árinu 2000 til 2010 var hlutfall þeirra sem ekki höfðu lokið formlegri menntun eftir grunnskóla hátt í samanburði við flest önnur OECD ríki. Meðaltal innan OECD var 26% samanborið við 33% á Íslandi sem er einnig hærra en á hinum Norðurlöndunum. Aftur á móti er hlutfall háskólamenntaðra á Íslandi (33%) sambærilegt við það sem gerist á Norðurlöndunum, t.d. eru 33% háskólamenntaðir í Danmörku og 34% í Svíþjóð.

[Samantekt á efni skýrslunnar er á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis](#)

## Einstæðar æskulýðs- rannsóknir í 20 ár

Frá árinu 1992 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið stuðlað að því að gerðar hafa verið faglegar, samanburðarhæfar rannsóknir á högum, líðan og aðstæðum barna og ungmenna hér á landi undir heitinu Ungt fólk og hefur Ísland verið í fararbroddi þróunar á rannsóknum af þessu tagi mörg undanfarin ár. Rannsóknirnar eru gerðar meðal nemenda í 5. til 10. bekk í öllum grunnskólum og í öllum árgöngum framhaldsskóla landsins með reglulegu millibili.

Rannsóknirnar eru mikilvægt tæki til að fylgjast með þáttum eins og menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun, félagsstarfi, framtíðarsýn og líðan barna og ungmenna. Ríki og sveitarfélög hafa tekið mið af niðurstöðum rannsóknaanna við stefnumótun og aðgerðir í málaflokkum sem snerta þennan aldurshóp. Þá hafa skólar, æskulýðssamtök, íþróttasamtök, stofnanir, fagaðilar og fleiri nýtt sér niðurstöðurnar með fjölbreyttum hætti.

Niðurstöður rannsóknaanna [Ungt fólk](#) leiða í ljós að hagir ungs fólks hafi stórbatnað hér á landi og forvarnarstarf borið árangur.

### Fjöldi skóla, nemenda og starfsfólks árið 2011\*

	Skólar	Nemendur	Kennarar	Annað starfsfólk
Leikskólar	278	18.961	3.299	2.189
Grunnskólar	172	42.539	4.477	2.890
Framhaldsskólar	33	26.780	2.577	1.873
Sérskólar á framhaldsskólástigi	72	2.609	-	-
Háskólar	7	18.367	3.170	2.181
Íslenskir námsmenn erlendis		2.248	-	-
<b>Samtals</b>	<b>562</b>	<b>111.504</b>	<b>13.523</b>	<b>9.133</b>

\* Heimild Hagstofa Íslands. Ekki voru fyrirbyggjandi heimildir um fjölda árið 2012 við gerð ársritsins.

## Styrkveitingar færast frá Alþingi til ráðuneyta

Á fjárlögum ársins 2012 var fyrirkomulagi við úthlutun styrkja til félaga, samtaka og einstaklinga breytt hvað varðar aðkomu Alþingis. Ákvörðun um framlag til einstakra málaflokka fer þó eftir samþykki Alþingis í fjárlögum. Breytingin felst í því að Alþingi hefur hætt úthlutun á styrkjum til ýmissa verkefna eins og verið hefur, en felur ráðuneytum að auglýsa eftir styrkjum og sjá um úthlutun þeirra. Verkefni eru einungis styrkhæf í einu ráðuneyti og áskilja ráðuneyti sér rétt til að færa umsóknir á milli ráðuneyta falli verkefni betur að málaflokki í öðru ráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti tók til meðferðar 340 umsóknir þar sem sótt var um styrki alls að fjárhæð 1,3 milljarða kr. Hægt var að sækja um styrki á sviði listgreina og menningararfs, á sviði íþróttá- og æskulýðsmála og til uppbyggingar landsmótssvæða. Til ráðstöfunar voru 123,4 m.kr. og hlutu 68 aðilar styrk. Fjölmörgum umsækjendum var bent á að sækja um til lögbundinna sjóða á sviði menningarmála eða til menningarráða landshlutasamtaka, enda runnu fjárframlög þau sem Alþingi áður úthlutaði til menningarmála að hluta til þessara aðila.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/6171>

## Hannes Pétursson hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2012

Hannes Pétursson skáld hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2012. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra veitti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Grunnskóla Álftaness, föstudaginn 16. nóvember. Verðlaunin voru 700 þús.kr. sem Íslandsbanki veitti, ritið Íslenskir fuglar eftir Benedikt Gröndal og skrautritað verðlaunaskjal. Þá veitti ráðherra Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu. Gunnsteinn Ólafsson formaður Félags um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar tók við viðurkenningunni fyrir hönd félagsins. Háskólakórinn undir stjórn Gunnsteins söng við athöfnina.



Ráðgjafarnefnd dags íslenskrar tungu gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um verðlaunahafa og rökstyður val sitt. Ráðgjafarnefndin var skipuð Þórarni Eldjárn rithöfund, Kristínu Helgu Gunnarsdóttur rithöfund og Kristjáni Arnasyni prófessor.

## Fagráð eineltismála í grunnskólum

Fagráð eineltismála var skipað í samræmi við [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skóla-samfélagsins í grunnskólum, þar sem m.a. segir: „Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs, sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis, ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu...“. Fagráðið hefur einkum tvíþætt hlutverk við meðferð mála sem því berast. Í fyrsta lagi að leita að viðunandi niðurstöðu í málum með sáttum sé þess nokkur kostur og í öðru lagi að úrskurða á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga, sem fagráðinu hafa borist í viðkomandi máli. Ef fagráðið telur að ekki liggi fyrir nægilega greinargóðar upplýsingar skal það leitast við að afla þeirra, annaðhvort með formlegum hætti eða með viðtölum við málsaðila. Úrskurðir fagráðsins eru ráðgefandi. Fagráð eineltismála í grunnskólum er skipað þremur einstaklingum, þeim Arnheiði Gígju Guðmundsdóttur náms- og starfsráðgjafa, Páli Ólafssyni félagsráðgjafa og Þórkötlunni Aðalsteinsdóttur sálfræðingi. Með ráðinu starfar verkefnastjóri Verkefnastjórnar um aðgerðir gegn einelti.





### „Nám er vinnandi vegur“ – starfsmenntastyrkir

Í maí 2011 efndu stjórnvöld til átaks á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingar menntunar undir yfirskriftinni „Nám er vinnandi vegur“. Markmið þess er annars vegar að lækka hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsmenntun úr 30% niður í 10% árið 2020. Hins vegar að draga úr neikvæðum áhrifum sem hlotist geta af langtímaatvinnuleysi. Í aðgerðahópi, sem stýrir framkvæmd verkefnisins, eru fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Vinnuástandstofnun og aðilum vinnumarkaðarins.

#### Aðgerðir ársins 2012 voru þrjúþættar:

1. Að tryggja öllum yngri en 25 ára sem eftir leita og uppfylla inntökuskilyrði nám við hæfi í framhaldsskólum.
2. Að skapa námstækifæri fyrir atvinnuleitendur 2011-2013 í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu.
3. Að leggja 300 milljónir kr. á ári (þ.e. 2012 og 2013) í sérstakan þróunarsjóð (starfsmenntasjóð) til að efla starfstengt nám á framhalds- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir.

#### Starfsmenntasjóður

Vorið 2012 var auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til eftirtaldrar verkefnaflokka:

1. Hagnýting og þróun stuttra starfsnámsbrauta.
2. Þróun sérhæfðs námsframboðs, m.a. fyrir hópa með sérþarfir.
3. Þróun námsbrauta í starfsnámi á 4. þrepi viðmiðaramma aðalnámsskrár framhaldsskóla.
4. Greining á þörf mismunandi hópa, landsvæða eða greina atvinnulífs fyrir starfsmenntun.

Umsóknir bárust frá 45 aðilum um styrki til 117 verkefna, samtals um 246 millj. kr. Alls voru veittar rúmar 170 milljónir kr. til 86 verkefna. Haustið 2012 var aftur auglýst eftir umsóknum í sjóðinn og áhersla lögð á verkefni sem tengjast íslenskunámi fyrir útlandinga annars vegar og nám á 4. þrepi hins vegar. Úthlutað verður í byrjun árs 2013.

## 20 ára kvikmynda-samstarf

Íslendingar fengu aðgang að MEDIA – kvikmynda- og sjónvarpsstyrkjaáætlun Evrópusambandsins haustið 1992 og því fagnaði [Upplýsingaþjónusta MEDIA](#) á Íslandi 20 ára afmæli á árinu. Á þessum tíma hefur verið úthlutað um 900 milljónum kr. til íslenskra kvikmyndafyrirtækja til að undirbúa gerð kvikmynda, til framleiðslu þeirra og til íslenskra dreifenda til að sýna um 100 evrópskar kvikmyndir hér á landi. Þá hefur um 260 milljónum kr. verið veitt til að styrkja sýningar á 12 íslenskum kvikmyndum í 27 löndum.

Í janúar 2012 voru liðin 22 ár frá því að Íslendingar fengu aðild að [Eurimages](#), kvikmyndasjóði Evrópuráðsins. Frá byrjun hafa 27 íslenskar kvikmyndir fengið úthlutað 6.311.000 evrum eða rúmum milljarði kr. til framleiðslu. Þá hafa íslensk framleiðslufyrirtæki tekið þátt í framleiðslu 11 evrópskra kvikmynda, sem samtals fengu úthlutað 4.373.081 evrum eða um 700 milljónum kr. Hefur hluta þeirrar upphæðar verið úthlutað til íslensku framleiðslufyrirtækjanna og ráðstafað hér á landi. Þá hafa níu íslenskar kvikmyndir fengið styrki að fjárhæð 120 þúsund evrum til að færa þær á stafrænt form og tveir styrkir voru veittir til dreifingar á íslenskri kvikmynd að fjárhæð 12.500 evrum.

Sigríður Margrét Vigfúsdóttir hefur verið fulltrúi Íslands í MEDIA áætluninni frá upphafi. Hún hefur setið í stjórn Eurimages frá 2002. Hún var í 6 manna framkvæmdastjórn sjóðsins árin 2006 – 2008, fyrst Íslendinga og tók sæti þar aftur á árinu 2012.



## Samningur Norðurlanda um aðgang að æðri menntun

Norrænu menntamálaráðherrarnir endurnýjuðu samning um aðgang að æðri menntun. Helsta markmið hans er að efla norræna samvinnu á sviði æðri menntunar, skapa umsækjendum um æðri menntun eins mikið valfrelsi og kostur er og að auka gæði æðri menntunar á Norðurlöndum.

Í þessu felst að Norðurlöndin hafa skuldbundið sig til þess að veita umsækjendum, sem búsettir eru í öðru Norðurlandaráði, inngöngu í æðri menntastofnanir á vegum opinberra aðila, hver í sínu landi, með sömu eða sambærilegum skilyrðum og gilda fyrir umsækjendur frá eigin landi. Rannsóknarnám er þó undanþegið í samningnum.

Samkvæmt 7. gr. samningsins greiða Danmörk, Noregur, Finnland og Svíþjóð bætur til móttökulands fyrir þá námsmenn, sem stunda æðra nám í öðru Norðurlandaráði. Þetta ákvæði hefur aldrei gilt fyrir Ísland eða sjálfstjórnarsvæðin.

Í nýja samningnum eru breytingar á fyrirkomulagi greiðslna á milli þeirra aðildarlanda sem greiða fyrir námsmenn. Þær snerta þó hvorki Ísland né sjálfstjórnarsvæðin því þau greiða ekki fyrir þá námsmenn, sem fara til hinna Norðurlandanna til náms og þiggja ekki greiðslur fyrir þá Norðurlandabúa sem koma til náms á Íslandi eða á sjálfstjórnarsvæðunum.

## Húsafríðunarmál

Ráðherra friðaði 35 hús og mannvirki árið 2012 skv. tillögum frá húsafríðunarnefnd og hafa friðanir sjaldan verið fleiri. Þetta er í síðasta skipti sem friðað er skv. lögum nr. 104/2001 um húsafríðun þar sem þau féllu úr gildi þegar ný lög um menningarminjar (nr. 80/2012) tóku gildi 1. janúar 2013. Í nýju lögnum er verndun húss og annarra menningarverðmæta tvíþætt. Annars vegar friðun vegna aldurs en öll hús 100 ára og eldri eru friðuð sjálfkrafa og hins vegar friðlýst hús sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands sem er ný stjórnsýslustofnun á sviði menningarminja og verndunar þeirra. Það sem einkennir helst friðanir á árinu er hve mörg hlaðin steinhús í Reykjavík voru friðuð. Steinbærir eru sérreikvísk byggingargerð frá lokum 19. aldar og var gert sérstakt átak í að tryggja verndun þeirra á árinu.

## Nýjar verklagsreglur við framkvæmd fjárlaga

Ráðuneytið vinnur nú í fyrsta sinn eftir nýjum verklagsreglum um framkvæmd fjárlaga. Með reglunum voru formfest vinnubrögð ráðuneytisins við fjárlagavinnuna sem byggja á ákvæðum í lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

Verklagsreglunum hefur meðal annars verið beitt með góðum árangri við eftirlit með ársreikningum undirstofnana ráðuneytisins fyrir árið 2011 og vegna innkallana á rekstraráætlunum fyrir árið 2013. Á grundvelli verklagsreglnanna ber ráðuneytið mánaðarlega saman heildarútgjöld og rekstraráætlanir undirstofnana. Ef frávik er umfram 4% skal forstöðumaður tafarlaust skýra ráðuneyti frá ástæðum þessa og hvernig hann hyggist bregðast við því. Ráðuneytið sendir þá viðkomandi forstöðumanni bréf þess efnis og fylgir því eftir ef tilefni er til. Í sumum tilvikum er tiltölulega auðvelt að leysa vandann en flóknari mál reyna ráðuneyti og stofnun að leysa í sameiningu. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er sú að það hefur aukið aðhald og leitt til þess að vandamál hafa komið fyrir upp á yfirborðið en ella og það hefur auðveldað ráðuneyti og stofnunum vinnu sína. Einnig er aukið aðhald til þess fallið að gera áætlanagerð stofnana skilvirkari.

## Ný norræn verðlaun fyrir barna- og unglingsbókmenntir

Á þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors 2012 var ákveðið að [ný norræn barnabókaverðlaun](#) yrðu sett á laggirnar. Verðlaunin verða veitt í fyrsta sinn árið 2013 og verða óháð bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Verðlaunin verða þau fimmtu sem Norðurlandaráð veitir árlega en auk þeirra eru bókmenntaverðlaun, kvikmyndaverðlaun, tónlistarverðlaun og umhverfisverðlaun.

Þessi nýju verðlaun hafa verið lengi í bígirð og eru hluti af stærra verkefni á vegum norrænu ráðherranefndarinnar til að auka vægi barnabókmennta og efla lestur barna og unglunga. Í þeim aðgerðum felast m.a. styrkir til barnabókahöfunda, barnabókavika í bókasöfnum, þýðingarstyrkir og fleira.

## Meginmálaflokkur í kynjaðri fjárlagagerð

Verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri fjárlagagerð fjallar um styrkjakerfi vísindarannsóknna. Áhersla er lögð á að greina sókn í opinbera samkeppnissjóði og úthlutanir úr þeim út frá kynjasjónarmiði. Verkefnið felst því í að rýna styrkjaferlið frá upphafi til enda og leggja mat á það með kynjasjónarmið að leiðarljósi. Fyrirliggjandi grundvallartölfræði er skoðuð og metið hvaða gagna þarf að afla til viðbótar, teknar eru saman upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum og ráðum, rýnt í lykilhugtök og orðalag í auglýsingum og úthlutunarreglum. Áætlað er að verkefninu ljúki um mitt ár 2014.

## Jafnréttismál

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á níu verkefnum í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2011. Starfsfólk í ýmsum deildum tók verkefnin að sér og kom þeim af stað árið 2012:

- Kynungabók – upplýsingarit fyrir ungt fólk
- Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum
- Jafnrétti í framhaldsskólum
- Jafnrétti í háskólum
- Félagslíf í framhaldsskólum
- Starfsgreinar
- Kennaramenntun
- Konur og kvikmyndagerð
- Aðgengi kvenna og karla að fjármagni til vísindarannsókna.

Ráðuneytið á fulltrúa í nýrri stjórn Jafnréttissjóðs, sem úthlutað var úr í október 2012, en úthlutun úr sjóðnum hefur legið niðri síðan 2008.

## Gegn einelti!

### Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember

Þann 8. nóvember var í annað sinn haldinn sérstakur baráttudagur gegn einelti hér á landi þar sem þjóðin var hvött til að standa saman gegn einelti í samfélaginu, ekki síst í skólum og á vinnustöðum. Á samkomu í Þjóðmenningarhúsi í tilefni dagsins var kvennalandsliðinu í knattspyrnu veitt sérstök viðurkenning vegna jákvæðra skilaboða til samfélagsins gegn einelti. Stúlkurnar sömdu lag og texta sem fjallar um skaðsemi eineltis.

### Þjóðarsáttmáli gegn einelti

Landsmenn voru hvattir til að skrifa undir þjóðarsáttmála gegn einelti, sem er aðgengilegur á vefsíðunni, [www.gegneinelti.is](http://www.gegneinelti.is). Með undirritun sinni skuldbindur fólk sig til að vinna gegn einelti og markmiðið er að fá sem allra flesta til að skrifa undir sáttmálann. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hvatti allar stofnanir og samtök, sem tengjast stjórnsýslusviði þess, til að nýta tækifærið og kynna þjóðarsáttmálann sérstaklega og taka efni hans til umfjöllunar í tengslum við baráttudaginn og hvetja jafnframt alla til að skrifa undir hann.

### Málstofa um einelti

Verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti ásamt Rannsóknarstofu í bernsku- og æskulýðsfræðum (BÆR) stóðu að málstofu um einelti. Kveikjan að henni var útgáfa Rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr á ritinu *Ábyrgð og aðgerðir – Niðurstöður þverfaglegar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi*.

## Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti gaf út í október 2011 reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Hún tekur til réttinda og skyldna viðkomandi aðila gagnvart allri starfsemi á vegum skóla, skólabrags, samskipta í skóla, skólareglna og málsmeðferðar vegna brota á þeim. Unnið var að innleiðingu reglugerðarinnar, hún ítarlega kynnt fyrir skólasamfélaginu og m.a. settar ýmsar verklagsreglur og leiðbeiningar, bæði af hálfu ráðuneytisins og sveitarfélaga og eru þessar helstar:

- Stofnun sérstaks fagráðs eineltismála og útgáfa [verklagsreglna](#) um starfsemi þess.
- Samband íslenskra sveitarfélaga tók saman leiðbeiningar fyrir skólana um mál er varða líkamlegt inngríp vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar nemenda og fleiri atvika af slíkum toga.

Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga einnig gefið út leiðbeiningar til skólastjóra og forsvarsmanna skólaskrifstofa vegna erfiðra ágreiningsmála sem upp koma í starfi grunnskóla og aðgengilegar eru á upplýsingavef Sambandsins.

[Leiðbeiningar og verklagsreglur.](#)



## Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum

Innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti gerðu samning til þriggja ára um að efna til vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum. Samningurinn er í samræmi við sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu á börnum.

Vitundarvakningin hefur beina tengingu við þrjá grunnþætti nýrrar aðalnámskrár, þ.e. heilbrigði og velferð; jafnrétti; og lýðræði og mannréttindi. Markmiðið er að fræða börn og starfsfólk grunnskóla um eðli og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis og að allir skólar séu í stakk búnir til að bregðast við ef börn sýna þess merki að hafa orðið fyrir ofbeldi. Tengiliðir við vitundarvakninguna eru úr röðum kennara og stjórnenda grunnskóla landsins.

Gert var samkomulag við Brúðuleikhús Blátt áfram um sýningar á verkinu *Krakkarnir í hverfinu* fyrir nemendur í 2. bekk um land allt. Unnið var að gerð stuttmyndar fyrir nemendur í 10. bekk og haldnar ráðstefnur fyrir tengiliði, kennara og annað starfsfólki grunnskóla. Árið 2013 verður haldið áfram með fræðslu fyrir skólana og fyrirhuguð er fræðsla fyrir dómstóla, lögreglu og ákærvald þar sem farið verður yfir meginatriði samningsins og reglna um barnvinsamlegt réttarkerfi.

<http://www.velferðarraduneyti.is/vitundarvakning/>

## Innritun nýnema í kjölfar athugasemda umboðsmanns Alþingis

Umboðsmaður Alþingis gaf út [álit sitt á fyrirkomulagi innritunar nýnema í framhaldsskóla](#) vorið 2010. Fyrirkomulagið fólst í því að nemendum í tilteknum grunnskólum var veittur forgangur að 45% nýnemaplássu í vissum framhaldsskólum, m.a. með hliðsjón af búsetu og samgöngum. Sama fyrirkomulag var viðhaft við innritunina 2011 en hlutfallið lækkað úr 45% í 40%. Umboðsmaður taldi að ekki væri viðhlítandi stoð í lögum [nr. 92/ 2008](#) um framhaldsskóla fyrir þessu fyrirkomulagi við innritun nýnema. Ráðuneytið taldi að fyrirkomulag innritunar ætti sér viðhlítandi stoð í lögum en ákvað að endurskoða það í ljósi álits umboðsmanns. Gefin var út ný reglugerð nr. 204/2012 um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008. Helstu breytingarnar felast í því að framhaldsskólum er nú í sjálfvald sett hvort þeir veita nemendum, sem eiga lögheimili í nágrenni skólans, forgang að skólavist á öðrum námsbrautum en þeim er fela í sér sérhæft nám. Framhaldsskólum er skylt að tilgreina fyrirkomulag forgangs í skólasamningi sbr. 4. gr. og birta í skólanámskrá.




# 6 REKSTUR OG STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

Katrín Jakobsdóttir tók við starfi mennta- og menningarmálaráðherra árið 2009 og kjörtímabilinu lýkur í apríl 2013. Ásta Magnúsdóttir var skipuð ráðuneytisstjóri í desember 2010.


## Starfsfólk

Í lok árs 2012 voru starfsmenn 77. Fjórtán luku störfum á árinu, tólf nýir starfsmenn komu til starfa og þrír breyttu um starfssvið. Meðal starfsaldur er 11,8 ár og meðalaldur starfsmanna er 52,01 ár.

### MENNTUN STARFSMANNA:




### KYNJAHLUTFALL STARFSMANNA




## Skjalasafnið í tölum 2008 - 2012

	2008	2009	2010	2011	2012
<b>Ný mál á árinu</b>	5.544	7.840	7.142	7.009	5.251
<b>Ný skjöl á árinu</b>	24.199	28.363	33.455	40.167	42.572
<b>Fjöldi mála í vinnslu í árslok</b>	3.110	2.257	2.679	3.680	4.261
<b>Heildarfjöldi mála í Málaskrá í árslok</b>	68.978	76.685	83.744	90.813	96.133
<b>Innkomin erindi á netfang ráðuneytisins</b>	2.661	2.551	3.168	4.213	4.902
<b>Beiðni um aðgang að gögnum skv. upplýsingalögum</b>	85	88	81	53	47



## Útgefin rit 2008 - 2012

Árið 2012 voru gefin út 51 rit á vegum ráðuneytisins, þar af 48 eingöngu á rafrænu formi.



## Fyrirspurnir til ráðuneytisins 2008-2012

Málefni	2008	2009	2010	2011	2012
<b>Skólamál</b>	<b>218</b>	<b>176</b>	<b>233</b>	<b>234</b>	<b>166</b>
<b>Eurydice</b>	<b>18</b>	<b>12</b>	<b>17</b>	<b>11</b>	<b>13</b>
<b>Menningarmál</b>	<b>25</b>	<b>13</b>	<b>37</b>	<b>24</b>	<b>24</b>
<b>Íþrótt- og æskulýðsmál</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>6</b>	<b>4</b>
<b>Vísindi og tækni</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>
<b>Fyrirspurnir frá Alþingi</b>	<b>25</b>	<b>60</b>	<b>46</b>	<b>52</b>	<b>50</b>
<b>Fyrirspurnir um störf</b>	<b>53</b>	<b>53</b>	<b>46</b>	<b>28</b>	<b>31</b>
<b>Fyrirspurnir alls</b>	<b>343</b>	<b>314</b>	<b>381</b>	<b>356</b>	<b>289</b>

## Kvartanir og kærur 2009-2012

Málefni	2009	2010	2011	2012
<b>Kærur</b>	<b>8</b>	<b>14</b>	<b>11</b>	<b>7</b>
<b>Kvartanir til umboðsmanns Alþingis</b>	<b>5</b>	<b>17</b>	<b>13</b>	<b>9</b>
<b>Kvartanir v. leikskóla</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>3</b>	<b>2</b>
<b>Kvartanir v. grunnskóla</b>	<b>54</b>	<b>12</b>	<b>18</b>	<b>5</b>
<b>Kvartanir v. framhaldsskóla</b>	<b>29</b>	<b>25</b>	<b>9</b>	<b>5</b>
<b>Kvartanir v. háskóla</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
<b>Kvartanir v. námsstyrkjanevndar</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>4</b>
<b>Kvartanir og kærur samtals</b>	<b>107</b>	<b>79</b>	<b>61</b>	<b>36</b>

Fjöldi styrkumsókna skráður í málaskrá 2008–2012

MENNINGARMÁL	2008	2009	2010	2011	2012
Barnamenningarsjóður	-	-	-	-	74
Listir – menningarmál	528	229	273	694	-
Styrkir til starfsemi leikhópa	58	76	90	80	73
Tónlistarsjóður	243	216	303	265	200
Fornleifasjóður	-	-	-	45	55
Grænlandssjóður	-	-	39	4	3
Gjöf Jóns Sigurðssonar	-	-	-	-	21
Þjóðhátíðargjöf Norðmanna	-	-	34	35	18
Æskulýðssjóður / umsóknavefur	156	168	136	140	147
Íþróttasjóður / umsóknavefur	168	239	124	121	168
Styrkir af safnliðum fjárlaga 2013 / umsóknavefur	-	-	-	-	142
<b>Styrkumsóknir alls</b>	<b>1.153</b>	<b>928</b>	<b>875</b>	<b>690</b>	<b>901</b>
<b>MENNTAMÁL</b>					
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	127	73	75	85	31
Styrkir til fagkennarafélaga	-	-	-	-	34
Vinnustaðanám	-	-	-	68	273
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla /umsóknavefur	117	94	127	162	232
Styrkir til þróunar á rafrænu náms- og kennsluefni / umsóknavefur	-	-	-	-	81
Þróunarsjóður námsgagna /umsóknavefur	152	179	151	142	-
<b>Alls sjóðir og styrkir um menntamál</b>	<b>432</b>	<b>396</b>	<b>415</b>	<b>457</b>	<b>651</b>
<b>Styrkumsóknir alls</b>	<b>1.585</b>	<b>1.324</b>	<b>1.414</b>	<b>1147</b>	<b>1552</b>





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ